

NEDRI-HVERADALIR Í KERLINGARFJÖLLUM

Deiliskipulag bílastæða og þjónustuhúss

11.01.2023



Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann

f.h. Hrunamannahrepps

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Upplýsingar

SKJALALYKILL

100446-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Anne Bruun Hansen

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið	4
1.2	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Náttúrufar	5
2.2	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032	6
2.3	Deiliskipulag	6
2.4	Verndarsvæði	6
2.5	Fornminjar	7
2.6	Þjóðlenda	7
3	DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR	7
3.1	Byggingar	7
3.2	Vegir og bílastæði	8
3.2.1	Stígar	8
3.2.2	Manir og ofanvatn	8
3.3	Frágangur svæðis og umgengni	9
3.4	Veitur	9
3.4.1	Fráveita	9
3.4.2	Vatnsból	9
4	ALMENNIR SKILMÁLAR	9
4.1	Hönnun og uppdrættir	9
4.2	Mæliblöð	10
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
5.1	Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið	10
5.2	Umhverfisáhrif af stefnunni	11
5.2.1	Niðurstaða	11
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
6.1	Kynning og auglýsing tillögu	11

6.2	Skipulagsferlið	11
-----	-----------------	----

1 INNGANGUR

Hér er sett fram nýtt deiliskipulag fyrir bílastæði og þjónustuhús við Neðri-Hveradali í Kerlingarfjöllum. Núverandi bílastæði annar ekki þeim fjölda gesta sem þangað kemur og eina aðstaðan á svæðinu er einn kamar. Deiliskipulagið er unnið í samráði Hrunamannahrepps og Umhverfisstofnunar.

Í gildi er deiliskipulag fyrir *Svæði Fannborgar Ásgarði Kerlingarfjöllum*. Deiliskipulagið tók gildi í mars 2014. Þar er núverandi bílastæði og kamar við Neðri-Hveradali, merkt sem reitur 10. Valin var sú leið að vinna nýtt deiliskipulag frekar en gera breytingu á gildandi skipulagi. Það felur í sér að við gildistöku nýs deiliskipulags fyrir reit 10, þá verður sama svæði felld úr gildi í deiliskipulagi frá 2014.

Nýtt deiliskipulag fyrir bílastæði og þjónustuhús við Neðri-Hveradali er unnið á grunni gildandi skipulags frá 2014 og friðlýsingar Kerlingarfjalla sem landslagsverndarsvæðis frá árinu 2020.

Neðri-Hveradalir eru áningarstaður ferðamanna og undanfarin ár hefur verið unnið að uppbyggingu gönguleiðakerfis þar, ásamt því að bílastæði eru afmörkuð og settur var upp kamar. Mikil þörf er á að aðstaða sé í takt við fjölgun ferðamanna í Kerlingarfjöllum.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 en þar er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði. Skipulagssvæðið er um 1,6 ha.

1.1 Markmið

Helstu markmið með deiliskipulaginu eru eftirfarandi:

Afmarka bílastæði sem gerir ráð fyrir núverandi gestafjölda og fjölgun gesta til framtíðar litið.

Tekið er vel á móti gestum, t.d. með upplýsingum og viðunandi hreinlætis-aðstöðu og gætt er að öryggi þeirra.

Mannvirki taki mið af umhverfinu, falli vel að náttúrunni og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.

1.2 Skipulagsgögn


Skipulagsuppdráttir eru unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum IS50v frá LMÍ. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.
- Hluti úr Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 í mkv. 1:100.000.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Neðri-Hveradalir er hverasvæði í Kerlingarfjöllum, í um 980 m h.y.s. Svæðið er að mestu úr líparíti. Jarðhiti í Kerlingarfjöllum er hvað mestur í Hveradölum og þar eru bæði gufu- og leirhverir. Bílastæði er skammt frá hverasvæðinu í Neðri-Hveradölum og liggur göngustígur þar á milli.

Aðkoma að Neðri-Hveradölum er af Kerlingafjallavegi við Ásgarð og um Hveradalaveg nr. F347. Hveradalavegur er landsvegur í umsjón Vegagerðarinnar.



MYND 1. Núverandi bílastæði við Neðri-Hveradali.



MYND 2. Aðkoma að bílastæði í Neðri-Hveradölum. Kamar til hægri. Rútur leggja og snúa við á mel við kamarinn, þar sem rauði bíllinn er.

Eins og sést á mynd 1 þá annar bílastæðið ekki alltaf þeim fjölda gesta/bíla sem er á svæðinu. Þá er lagt í vegkantinum eða á mel við kamarinn. Hluti ferðamanna kemur á svæðið í rútu en ekki er aðstaða fyrir rútur til að leggja né snúa við svo vel sé. Rútur leggja og snúa við á mel við kamarinn (mynd 2).

2.1 Náttúrufar

Núverandi bílastæði er á tiltölulega flötum mel. Svæðið er lítt gróið og innan skipulagssvæðisins er að finna vistgerðina eyðimelavist, skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar.

Innan skipulagssvæðis er ekki að finna náttúrufyrirbæri sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

2.2 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Skipulagssvæðið er skilgreint sem óbyggð svæði í aðalskipulagi. Stefna fyrir óbyggð svæði er eftirfarandi:

- Bæta öryggi ferðamanna á hálendinu.
- Styrkja innviði svæðisins og um leið að vernda viðkvæmt land.
- Stuðla að góðu viðhaldi og hóflegri endurnýjun innviða, m.a. til að stýra umferð ferðamanna.


Skipulagssvæðið fellur jafnframt undir heimildir í kafla um stakar framkvæmdir á hálendi. Þar segir að heimilt er að ráðast í stakar framkvæmdir án þess að skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi. Þetta gildir t.d. varðandi áningarstaði í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnis-svæði. Heimilt er að útbúa áningarstaði við þær megin leiðir sem sýndar eru í aðalskipulagi. Þar má vera með upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem t.d. getur verið snyrting eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila.

Kerlingarfjöll eru undir hverfisvernd í aðalskipulagi, HV1 Kerlingarfjöll/Leppistungur. Þetta er lítt raskað víðerni og fjölbreytt landslag. Áhersla er á verndun hinnar sérstöku náttúru Kerlingarfjalla. Mannvirki skulu eins og kostur er miða að því að verndarsvæðið verði sjálfbært og framkvæmdir afturkræfar. Engar nýjar framkvæmdir eru heimilaðar nema að undangengnu deiliskipulagi.

Deiliskipulagið er í samræmi við skilmála í aðalskipulagi.

2.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Svæði Fannborgar Ásgarði Kerlingarfjöllum. Deiliskipulagið tók gildi í mars 2014. Þar er núverandi bílastæði og kamar við Neðri-Hveradali, merkt sem reitur 10 (mynd 3). Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir reit 10.



MYND 3. Gildandi deiliskipulag fyrir reit 10.

2.4 Verndarsvæði

Kerlingarfjöll eru á náttúruinjasrá. Svæði nr. 732 Kerlingarfjöll. Stór-brotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.

Kerlingarfjöll voru friðlýst sem landslagsverndarsvæði árið 2020, auglýsing nr. 822/220. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda merkilegar jarð-

minjar svæðisins, landslag, óbyggðir og ásýnd þess. Friðlýsingunni er einnig ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði, stuðla að góðri umgengni og bættu aðgengi að svæðinu. Við landnotkun og mannvirkja-gerð skal miða að því eins og kostur er að verndarsvæðið sé sjálfbært og framkvæmdir afturkræfar. Mannvirki skulu falla vel að landslagi. Framkvæmdir á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Árið 2021 voru Kerlingarfjöll friðlýst fyrir orkuvinnslu.

2.5 Fornminjar

Fornminjar hafa ekki verið skráðar á skipulagssvæðinu.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

2.6 Þjóðlenda

Kerlingarfjöll eru innan þjóðlendu. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta

land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirrar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

3 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Gerð er grein fyrir núverandi mannvirkjum og heimild fyrir nýjum mannvirkjum.

3.1 Byggingar

Heimilt er að byggja allt að 20 m² þjónustuhús með salernum. Heimilt er að vera með palla umhverfis húsið og aðstöðu fyrir gesti til að setjast niður, njóta útsýnis og borða nesti.


Klæðning á húsi skal vera vönduð og þarfnast lítils viðhalds. Litur húss og palla umhverfis það skal vera þannig að það falli að litum í landinu umhverfis. Mænishæð getur verið allt að 4,0 m. Mænisstefna er frjáls.

Núverandi kamar og ummerki um hann verða fjarlægð.

3.2 Vegir og bílastæði

Aðkoma að bílastæði við Neðri-Hveradali er um Hveradalaveg nr. F347. Gert er ráð fyrir að heildar fjöldi bílastæða geti verið 84 og að auki 2 stæði fyrir rútur. Rútur geta snúið við með því að taka hring á bílastæði austast (hægra megin á mynd 4). Jarðvegur á svæðinu er leirkenndur og því hætt við að svæðið vaðist út í bleytutíð. Mikilvægt er að bílastæði séu gerð þannig að þau afvatni sig. Undir bílastæðum skal hafa vel þjappaða og frostfría fyllingu. Bílastæði skulu vera látlaus og falla að litum í landinu í kring, eftir því sem hægt er.

Gerð bílastæða verður áfangaskipt, byrjað verður á endurbótum skv. áfanga 1, sem er þar sem núverandi bílastæði er. Möguleg áfangaskipting og fjöldi bílastæða í hverjum áfanga er sýnd á mynd 4.



MYND 4. Bílastæði skv. deiliskipulagstillögu. Hugmynd um áfangaskiptingu uppbyggingar.

3.2.1 Stígar

Við bílastæði og þjónustuhús er gert ráð fyrir göngustígum til að bæta öryggi gesta. Stígarnir tengjast göngustíg að hverasvæði í Neðri-Hveradöllum.

Mikilvægt er að stígar dreni sig og að komið verði í veg fyrir að þeir vaðist út í bleytutíð. Yfirborð stíga skal aðgreina frá bílastæðum, t.d. með náttúruhellum. Undir stígum skal hafa vel þjappaða og frostfría fyllingu.

3.2.2 Manir og ofanvatn

Umhverfis bílastæði og þjónustuhús skal vera með lágar manir 0,5-1 m á hæð, til að draga úr sýnileika bíla. Efni í mönum skal vera í sama lit og er á svæðinu. Möguleiki er á að blanda saman grjóti og fínni jarðvegsefnum til að gera manir sem náttúrulegastar. Horfa má til landslags á mynd 5 við gerð og útlit mana. Ganga skal frá mönum þannig að úrrennsli verði sem minnst, t.d. með því að hafa fláa ekki of bratta.



MYND 5. Horfa skal til lita og landforma í nágrenninu við gerð og útlit mana.

Mikilvægt er að afvatna bílastæði og stíga og beina yfirborðsvatni niður í jarðveginn. Mynda skal grunnar rásir milli bílastæða og mana til að beina

ofanvatni frá bílastæðunum í grjótpúkk. Einnig mætti hafa skörð í mönum sem brjóta upp manirnar þannig að vatn komist auðveldlega frá svæðinu.

Á eða við bílastæði er heimilt að vera með upplýsingaskilti fyrir svæðið. Líkleg staðsetning er sýnd á deiliskipulagsupprætti.

Regnvatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús verði beint niður í jarðvegin. Koma má fyrir malarpúða undir yfirborði sem getur tekið við yfirborðsvatni. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

3.3 Frágangur svæðis og umgengi

Þess skal gætt að raska ekki landi að óþörfu. Við framkvæmdir skal haft í huga að þær leiði ekki til jarðvegsrofs eða raski gróðri.



MYND 6. Möguleg ásjón svæðisins eftir uppbyggingu skv. deiliskipulagstillögu.

3.4 Veitur

3.4.1 Fráveita

Vatnssalerni skal vera í salernishúsi og frárennsli leitt í hreinsivirki með a.m.k. tveggja þrepa hreinsun. Frágangur og gerð hreinsivirkis og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

3.4.2 Vatnsból

Til að mögulegt sé að vera með vatnssalerni þarf að afla neysluvatns. Reiknað er með að neysluvatn sé að finna í giljum austan við skipulags-svæðið og að það geti verið sjálfrennandi. Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vinna sameiginlega að nákvæmri staðsetningu og útfærslu vatnsbóls.

Öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, m.s.br.

4 ALMENNIR SKILMÁLAR

4.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna fyrirkomulag mannvirkja.

4.2 Mæliblöð

Mæliblöð sýna byggingarreit, bílastæði og kvaðir ef einhverjar eru.

5 UMhverfismatsskýrsla

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af stefnunni, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði o.fl. umhverfispætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Í upphafi deiliskipulagsvinnunnar var farið í vettvangsferð og skoðuð möguleg staðsetning og útfærsla á bílastæði og þjónustuhúsi. M.a. var skoðað hvort hægt væri að vera með bílastæðið annars staðar þar sem minna bæri á því. Horft var til þess að bílastæðið væri við Hveradalaveg, tiltölulega flatt, rúmi nægilega marga bíla og hafi stækkunarmöguleika ef þarf. Þeir staðir sem uppfylltu þessi skilyrði voru of blautir, skaflar voru of lengi fram á sumar og leiðin sem þarf að ganga til að njóta hverasvæðisins í Neðri-Hveradölum lengist um a.m.k. 700 m, og ganga þarf upp bratta brekku. Niðurstaðan var að núverandi staðsetning bílastæðis væri eini raunhæfi valkosturinn. Því eru ekki bornir saman valkosti heldur gerð grein fyrir líklegum áhrifum af stefnu deiliskipulagsins.

5.1 Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið

Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar eru metin út frá matsspurningum og viðmiðum í töflu 1:

TAFLA 1. Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMhverfispáttur	UMhverfisviðmið	MATSPURNINGAR
Land og landslag <i>Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. <ul style="list-style-type: none"> Styrkja innviði svæðisins og um leið að vernda viðkvæmt land. Stuðla að góðu viðhaldi og hóflegri endurnýjun innviða, m.a. til að stýra umferð ferðamanna. Friðlýsingarskilmálar Kerlingarfjalla <ul style="list-style-type: none"> Mannvirki skulu falla vel að landslagi. Vernda landslag, óbyggðir og ásýnd. 	Hefur stefnan áhrif á ósnortið/náttúrulegt yfirbragð? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Heilbrigði <i>Mengun.</i> <i>Útivistarmöguleikar.</i>	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. <ul style="list-style-type: none"> Öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum. Friðlýsingarskilmálar Kerlingarfjalla <ul style="list-style-type: none"> Efla svæðið sem útivistarsvæði. 	Er hætta á mengun vegna stefnu skipulagsins? Bætir stefnan útivistarmöguleika?
Samfélag <i>Þjónusta við ferðamenn.</i>	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. <ul style="list-style-type: none"> Styrkja innviði svæðisins og um leið að vernda viðkvæmt land. 	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn?
Verndarsvæði <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá.</i> <i>Fornminjar.</i>	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. <ul style="list-style-type: none"> Styrkja innviði svæðisins og um leið að vernda viðkvæmt land. Friðlýsingarskilmálar Kerlingarfjalla <ul style="list-style-type: none"> Vernda merkilegar jarðminjar svæðisins, landslag, óbyggðir og ásýnd. 	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði eða fornminjar?

5.2 Umhverfisáhrif af stefnunni

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg/neikvæð. Bílastæði verða sýnileg þeim sem koma á svæðið eða ganga um Kerlingarfjöll og draga úr náttúrulegu yfirbragði svæðisins. Með stækkun bílastæða og byggingu þjónustuhúss er verið að styrkja innviði svæðisins og stýra umferð gesta. Settir eru skilmálar um að mannvirki skuli falla vel að landslagi. Með því að vera með lágar jarðvegsmanir, úr sams konar efni og er á svæðinu, umhverfis bílastæði er dregið úr ásýnd og neikvæðum áhrifum eins og hægt er.

Áhrif á heilbrigði eru metin jákvæð. Stefnan gerir ráð fyrir vatnssalerni og að frárennsli verði veitt í viðurkennt hreinsivirki. Ekki er talin mengunarhætta vegna stefnunnar. Stefnan bætir aðstöðu fyrir þá sem velja að nýta útivistarmöguleika Kerlingarfjalla.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Stefnan heimilar betri aðstöðu og þjónustu fyrir gesti.

Áhrif á verndarsvæði eru metin jákvæð/óviss. Jákvæð áhrif af stefnunni nást fram með því að gestum beint á ákveðið svæði, þar sem bílastæði og salernisaðstöðu er að finna. Þar sem fornminjar hafa ekki verið skráðar á svæðinu er stefnan metin hafa óviss áhrif á þær.

5.2.1 Niðurstaða

Með uppbyggingu skv. stefnu deiliskipulagstillögunnar er bílastæðamálum komið í gott horf til næstu ára og uppbyggingu áfangaskipt þannig að framkvæmdir geta farið fram eftir því sem eftirspurn eykst. Salernismálum er komið í gott horf og gengið verður frá fráveitu á fullnægjandi hátt til að koma í veg fyrir mengun.

Sveitarfélagið er hlynnt því að aðstaða við Neðri-Hveradali verði endurbætt skv. stefnu deiliskipulagstillögunnar.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

6.1 Kynning og auglýsing tillögu

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Samstarfsnefnd um Kerlingarfjöll.

6.2 Skipulagsferlið

Deiliskipulagstillaga kynnt og auglýst á vormánuðum 2023.





Deiliskipulag staðfest sumarið 2023.

Neðri-Hveradalir í Kerlingarfjöllum

Deiliskipulag bílastæða og þjónustuhúss



Hrunamannahreppur



Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032, mkv. 1:100.000.



Neðri-Hveradalir í Kerlingarfjöllum
Hrunamannahreppur
Deiliskipulag bílastæða og þjónustuhúss

VERK:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
100446	A4	IS	---
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:2000	11.01.2023	---	
SAMPYKKT:			

SKÝRINGAR

- Skipulagssvæði
- Byggingareitur
- Vegir og bílastæði
- Göngustígur
- Nýtt hús, til skýringar
- Pallur, til skýringar
- Manir, til skýringar

SKIPLAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR

Skipulagsgögn
Deiliskipulagsuppráttur 1:2000
Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032
Greinargerð

Kortagrunnar
Loftmyndir frá Loftmyndum ehf
ISS0v frá LMÍ